

Bútasaumsteppi

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur vinni bútasaumsteppi allt frá grunni í valhópi um bútasaum. Einnig að þeir læri að útfæra eigin hönnun og hugmyndir í framkvæmd ásamt því að vinna með þau tæki og tól sem tengjast textílmennt. Eflir leikni í handavinnu og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Textílmennt og náttúrufræði.

Aldur: Elsta stig.



VERKLÝSING

Byrjað er á að fara út með nemendur þar sem þeir virða fyrir sér hvernig tré eru og kynna sér vöxt og lögun trjáa og laufblaða.

Þá eru allir í hópnum látnir rissa upp mynd af trjám. Síðan velur hópurinn eina mynd til frekari vinnslu. Sú mynd er skönnuð í tölvu og stækkuð með myndvarpa í þá stærð sem áætlað er að nota. Þá er nemendum skipt niður og verkefnunum við teppið skipt deilt milli þeirra. Hver nemandi hefur þá einhvern hluta af teppinu til vinnslu.

Hópurinn sem er í þessu valfagi vinnur sameiginlega að því verkefni að útbúa eitt teppi og læra með því mikilvægi vandvirkni og samvinnu. Upplagt er að hver og einn nemandi í skólanum fái síðan tækifæri til að vinna sitt eigið laufblað fyrir tréð á teppinu, ef það er framkvæmanlegt út frá fjölda nemenda. Með þessu fæst góð samvinna og samkennd á meðal nemenda skólans.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Pappír og blýantar til hugmyndavinnu. Tölva, skanni og myndvarpi til að stækka hugmyndina sem valin er. Bómullarléref, flísófix og bómullarvatt til að vinna teppið úr. Saumavélar, straujárn og fatatúss.

Gott er að hafa bækur um laufblöð við höndina.